# Jón Dúason

Bjarni Benediktsson – Jón Dúason – Réttastaða Íslands og Grænlands – Haag-dómstóllinn – Landsyfirráðin – Þjóðarróg – Walgast

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-5, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Khöfn, Vesterbrog. 183  23/3 1935

Herra prófessor Bjarni Benediktsson!

Munduð þjer vilja gera mjer þann greiða, að lesa yfir fyrir mig allmikið rit um rjettarstöðu Íslands og Grænland, sem jeg er nú að ljúka við. Jeg hefði feginn viljað biðja Þórð Eyjólfsson sömu bónar, og að við hefðum allir getað komið saman þar á eftir og rökrætt hleypidómalaust, og að við reyndum að komast að sem samastri og helst einni niðurstöð. Rit það, sem jeg nú nefndi, er byrjað með rannsókn á fyrirkomulagi hinna forn-germönsku þjóðfjelaga almennt og rökræðir síðan á þeim grundvelli stjórnarfyrirkomulag og rjettarstöðu Íslands og Grænlands fram til vorra dag.

Það væri æskilegt, ef íslenskir vísindamenn gætu skipað eitt fylkingarbrjóst í þessum efnum, því hvorki er hið sögulega fullveldi Íslands viðurkent út um álfuna, nje heldur rjettarstaða Grænlands svo sem hún að dómi Vilh. Finsens, Ragnars Lundborgs, nokkurra annara og svo undirritaðs, er.

Jeg átti í dag tal við mikils ráðandi þjóðverja, er jeg hefi staðið í brjefaskiftum við, Prof. Wolgast. Hann hefur fylgt Norðmönnum í Grænlandsmálinu, og stendur á hinum að mínni hyggju röngu hugmyndum Norðmanna um Ísland og Grænland sem norskar hjálendur – ófullvalda. En mjer skildist hann vera okkar velviljaður, en bundinn af ~~þá~~ Berlin og þeim í Osló, móti Lundborg etc. En mjer skildist á honum, að ef við gætum orðið fleiri saman um að standa á hinn sögulega fullveldi Íslands og rjetti Íslands til Grænlands, mundi það opna málinu áheyrn út í álfunni.

Skoðun mín á rjettarstöðu Grænlands, er byggð á rannsókn á stjórnarfyrirkomulagi og eðli hinna forngermönsku þjóðfjelaga í Evrópu, einkanlega á fram-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heimildunum, þeirra fornu lögum og brjefum, og svo á fjelagsfrædislegri
rannsókn á Grágás. og Jónsbók. Það kom nú að vera gott að
skrifa þessa frædi saman og setja hana fram fyrir vísindamenn
út í álfunni, er láta sig litlu skifta slíka smámuni sem Ísland
og Grænland eru, hafa fæstir ~~nuga~~ neina verulega þekkingu á heim-
ildunum eða möguleik til að kynnast þeim. Hjer er við ramman
reip að draga og gamlar kreddur. En þjóðréttislegt vidleitni
einstakra íslenskra manna af þessu togi fellur alveg um
koll, er prófessorar við háskólann á Íslandi ráðast á þessa
vidleitni á bak, og lýsa þann rjett Íslands, sem reint er að verja
hjegóma einn. Það er nóg að nefna sem dæmi Grænlandsritgerð
Ólafs Lárussonar, sem er fáfræði ein, en þó með nafni há-
skólans. Grænlandsdóm Einars Arnórssonar hef jeg ekki sjeð, en
jeg hef heyrt – satt eða logið – að hann hafi haldið því fram, að
rjettur sá, er myndaðist við landnámið á Grænlandi, væri nú
glataður, og Ísland gæti því ekki nú haft neinn söguleg[an]
rjett. Haag-dómstóllinn komst að gagnstæðri niðurstöðu, sem sje,
að sá rjettur, sem myndaðist við landnámið, sje í gildi enn.
Spurningin er því aðeins: hvaða þjóð nam Grænland og fjekk
landsyfirráðin yfir því?

Svo sem kunnugt er, er aðeins hægt að vinna eignar-
rjett með corpus & animus, en hægt að halda eignarrjettinum
við með animus einum. Það gengur því guðlasti næst, að sjá
og heyra íslenska vísindamenn (eins og t.d. Halldór Hermannsson)
afneita því, að íslenska þjóðin eða ríkið hafi nokkurn animus
eða vilja til að eiga Grænland. Eru þeir smeikir um, að óvinir
Íslands muni hlaupa yfir þetta atriði. Væri yður ekki mögulegt
að stemma þennan þjóðarróg að heiman. Íslendingar þurfa
ekki að vera smeikir um það, að óvinir þeirri muni ekki Gjöga
af þeim allan þann rjett, sem þeir með sönnu hafa, og mót-
mæla öllum þeim rjetti, er þeir kynnu að hafa.

Jeg hef gefið Walgast upp utanáskr. yðar og próf.
Þórðar til að skrifast á við. En mætti jeg biðja yður bónar, væri
hún sú, að leggjast ekki á móti rjetti okkar til Grænlands, fyrr en
jeg hef getað lagt fyrir yður þær upplýsingar sem jeg hef í smíðum.
Mjer þætti mjög vænt um að fá að heyra frá yður.

Virðingarfylst.
Jón Dúason

Jeg skrifa[?] próf. Þórði línur. Það væri æskilegt, ef þið vilduð tala saman um þetta.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur